

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni, eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingu sem á nefndri vísitölu verður, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 204, 20. mars 1986.

Iðnaðarráðuneytinu, 7. janúar 1987.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Orkuveitusvæði.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

Raforkugjöld.

A. Almennir taxtar

A.1 Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:

Fast gjald	1 350,00 kr/ár
Orkugjald	3,48 kr/kWh

A.2 Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:

Fast gjald	2 700,00 kr/ár
Orkugjald	4,52 kr/kWh

B. Aftaxtar

B.1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:

Fast gjald	23 100,00 kr/ár
Aflgjald	4 390,00 kr/kWh/ár
Orkugjald	0,88 kr/kWh

Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafl 30 kW.

Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni.

Einnig er notendum, sem greiða fyrir 100 kW afl eða meira, heimilt að kaupa alla raforku sína samkvæmt þessum taxta.

B.2 Verð á rafmagni og viðhaldi úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:

Aflgjald	7 700,00 kr/kW/ár
Viðhaldsgjald	9 300,00 kr/kW/ár
Gjald samtals	17 000,00 kr/kW/ár

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.
Lýsing þessi stýrist af stjórnbúnaði rafmagnsveitunnar.

C. Hitunartaxti**C.1 Verð á rafmagni til órofinnar hitunar:**

Fast gjald	4 620,00 kr/ár
Orkugjald	2,52 kr/kWh

C.2 Verð á rafmagni til rofinnar daghitunar með rofi tvisvar á sólarhring allt að tveim klukkustundum í hvort skipti:

Fast gjald	3 090,00 kr/ár
Orkugjald með rofi í 6 mánuði, október — mars	1,08 kr/kWh
Orkugjald með rofi í 4 mánuði, nóvember — febrúar	1,18 kr/kWh
Orkugjald með rofi í 2 mánuði, desember — janúar	1,80 kr/kWh

C.3 Verð á rafmagni til rofinnar næturhitunar:

Fast gjald	3 090,00 kr/ár
Orkugjald	0,56 kr/kWh

Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn allt að tólf klukkustundum á tímabilinu kl. 09:00 til 21:00.

S. Sumartaxti**S.1 Fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi.**

Lágmarksaflgjald á mánuði miðast við 75 kW.

Aflgjald	337,00 kr/kW/mán
Orkugjald	0,74 kr/kWh

Ekki er heimilt að selja raforku skv. þessum taxa frá 1. nóvember til 31. mars.

3. gr.

Mælaleiga.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns. Mælaleiga fyrir þessi tæki er innifalin í gjöldum samkvæmt 2. gr.

Fyrir mælitæki til annarra nota, en að framan greinir, skal ársleiga vera sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr. 410,00
Orkumælir, þrífasa	kr. 1 610,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	kr. 2 720,00
Aflmælir	kr. 2 720,00
Aflmælir með straumspennum	kr. 4 070,00
Tvígjaldsorkumælir	kr. 2 620,00
Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	kr. 3 990,00
Móttökuliði, einpóla	kr. 1 810,00
Móttökuliði, þrípóla	kr. 2 720,00

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafmagnsveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

4. gr.

Heimtaugagjöld.

- 4.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur.
Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.
- 4.2 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.
- 4.3 Aðalheimtaugar.
Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur		Heimtaugargjöld
63 A	1—fasa	22 200 kr.
63 A	3—fasa	24 600 kr.
100 A	3—fasa	39 200 kr.
111 A	3—fasa	78 100 kr.
315 A	3—fasa	123 000 kr.
400 A	3—fasa	157 000 kr.
630 A	3—fasa	246 000 kr.
710 A	3—fasa	278 000 kr.
1200 A	3—fasa	470 000 kr.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

- 4.4 Bráðabirgðaheimtaugar.
Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur		Stofngjald	Lengdargjald	
			Jarð- strengur kr/m	Loftlína kr/stólpi
63 A	1—fasa	kr. 4 410,00	656,00	8 330,00
63 A	3—fasa	kr. 6 220,00	656,00	9 660,00
100 A	3—fasa	kr. 6 560,00	858,00	11 100,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstraumsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útítengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

- 4.5 Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitunnar.
- 4.6 Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitunnar.
- 4.7 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eigandi veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

- 4.8 Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

5. gr.

Ýmis ákvæði.

- 5.1 Heimilt er með samþykki borgarráðs að selja háspennt rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.
- 5.2 Heimilt er að selja raforku til meiriháttar véla- og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf sérstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1. apríl til 31. október. Utan tímabilsins er framangreind notkun ekki leyfð um viðkomandi kW/kWh-mæli né aðra mæla rafmagnsveitunnar á öðrum gjaldskrárliðum. Aflgjald sé samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Álestur fari fram að jafnaði 1. hvers mánaðar.
- 5.3 Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.
- 5.4 Óski notandi þess, að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma rafmagnsveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 450,00
- 5.5 Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald kr. 900,00
- 5.6 Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða gjald kr. 900,00 fyrir, að settur sé straumur á að nýju.
- 5.7 Sala rafmagns til hitunar samkvæmt C-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafmagnsveitunnar.
- 5.8 Söluskattur 25% er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á C-liðum, húshitun, og viðhaldsgjaldi götulýsingar.
- 5.9 Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafmagnsveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis. Við ákvörðun gjaldskrár skal ætíð liggja fyrir áætlun um rekstur og fjárfestingu á næsta 5 ára tímabili.
- 5.10 Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, samkvæmt reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451 20. desember 1977, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. janúar 1987, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 529, 29. desember 1986. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 208, 20. mars 1986.

Iðnaðarráðuneytinu, 13. janúar 1987.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.